

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2021

**Efni: Umsögn Lífsverks um stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæða um tilgreinda séreign, þingskjal 1179, 700. mál.**

Allmargar umsagnir hafa komið fram um frumvarpið og skal tekið undir þau sjónarmið að frekara samráð þurfi við lífeyrissjóði og aðra hagsmunaaðila áður en svo viðamiklar breytingar á lífeyriskerfinu verði settar í lög. Hér skulu einungis nefnd nokkur atriði til áréttingar:

Lögð er til til sú jákvæða breyting í 2. gr. frumvarpsins að lögfest verði að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs verði 15,5% af iðgjaldsstofni í samræmi við breytingar sem orðið hafa á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og sem tíðkast hefur hjá opinberum aðilum. Einnig er jákvætt að heimila lífeyrissjóðum að senda yfirlit og upplýsingar rafrænt til sjóðfélaga, hvort sem litið er til umhverfis- eða sparnaðarsjónarmiða, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Tekið skal undir sjónarmið um að skýra mætti betur hvað í þessu felst, t.d. hvort aðgangur að yfirlitum á vefsvæði sjóðfélaga teljist fullnægjandi birting.


Hins vegar skal heilshugar tekið undir gagnrýni sem fram hefur komið í fyrri umsögnum um þá ætlan að lögfesta þá nýju tegund séreignar sem nefnd er „tilgreind séreign“ og aðrar breytingar sem henni tengjast. Lífsverk hefur um árabíl boðið sjóðfélögum að greiða í séreign þann hluta lögbundins iðgjalds sem umfram er lágmarkstryggingarvernd samkvæmt lögum, eða það sem umfram er 10% af iðgjaldsstofni samkvæmt núverandi réttindatöflum sjóðsins. Með því að lögfesta „tilgreinda séreign“ yrði að þrískipta greiðslum þeirra sem þetta kjósa, auk þess sem bæta þyrfti við sérstakri fjárfestingarleið fyrir „tilgreindu séreignina.“ Engin ástæða er til að lögfesta þessa nýju tegund séreignar, sem sprottin er uppúr kjaraviðræðum aðila vinnumarkaðarins án þess að nægilegt samráð væri haft við hagsmunaaðila. Ljóst er að flækjustig lífeyriskerfisins og kostnaður mun aukast töluvert við þessa breytingu.

Í 6. gr. er kveðið á um að lífeyrisgreiðslur skuli einungis taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs árlega í stað mánaðarlega eins og nú er. Um væri að ræða beina skerðingu á kjörum eldri borgara, ekki síst ef verðbólguhraugur lætur á sér kræla. Rök fyrir þessu virðast léttvæg.

Að lokum skal tekið undir gagnrýni á IV. kafla frumvarpsins, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, en þar er gert ráð fyrir því að séreign sem myndast hefur af lágmarksiðgjaldi muni framvegis hafa áhrif til lækkunar við útreikning tekjutengdra bóta almannatrygginga. Í umsögnum hefur verið bent á að séreign af lágmarksiðgjaldi og séreign af viðbótariðgjaldi, sem áfram verður undanþegin tekjutengingu, hafi verið blandað saman hjá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum í fortíðinni og því sé ekki unnt að gera greinarmun á þessum sparnaði. Hins vegar er gert ráð fyrir undanþágu til þeirra sem þegar hafa hafið töku lífeyris. Þeir sem hefja munu töku lífeyris á næstu árum og hafa í mörgum tilvikum orðið fyrir miklum skerðingum, m.a. vegna efnahagshrunsins, munu því verða fyrir enn frekari og ófyrirséðum skerðingum verði þetta ákvæði frumvarpsins óbreytt að lögum.

Stjórnvöld hafa boðið heildarendurskoðun lífeyriskerfisins með víðtæku samráði hagsmunaaðila. Það skýtur skökku við að svo víðtækar breytingar á lífeyriskerfinu séu boðaðar áður en það starf hefst. Betur færi á því að efnisatriði frumvarpsins verði tekin til umfjöllunar í þeirri vinnu sem framundan er, með það að leiðarljósi að einfalda lífeyriskerfið öllum til hagsbóta.

Virðingarfyllst,



Jón L. Árnason  
framkvæmdastjóri